

12 Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt
21. apríl fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

13 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjóð Þorvalds Thorodds-
7. febr. sen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 7. febrúar 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir sjóð

Þorvalds Thoroddsen.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá prófessors, dr. phil. Þorvalds Thoroddsen og konu hans Þóru, sem er fædd Pjetursson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gefa út íslensk rit um landafræði Íslands, jarðfræði og náttúrufræði, en ef engin þess háttar rit, að dómi sjóðsstjórnarinnar, þykja hæf til birtingar, má nota þann hluta vaxtanna, sem til ráðstöfunar er í þessu skyni, til að gefa út ritgerðir, sem fjalla um frumlegar rannsóknir á sög landsins og menningarsögu síðari alda eftir 1262, sömuleiðis til að gefa út samín rit um almenna náttúrufræði, sem auðskilin sjeu almenníngi. Ritgerðir þess skil skal einnig annast útgáfu óprentaðra rita sjóðsstofnanda, sömuleiðis safna og gefa út minniháttar íslenskar ritgjörðir hans, sem áður hafa verið prentaðar á ýmsum stöðum, ennfremur, þegar tímar líða, einhver af hinum stærrí ritum, sem álitíð er að enn geti komið að gagni, en eru útseld í bókhlöðum.

3. gr.

Sjóðsstjórnina skipa 5 menn; skulu 3 kosnir úr flokki kennara hins almenna mentaskóla, en 2 velur Háskólinn meðal kennara sinna,

4. gr.

13

7. febr.

Höfuðstóll sjóðsins er fje það, sem sjóðnum verður lagt út við skiftalok á búi sjóðsstofnanda, og skal upphæð sú síðar rituð í skipulagsskrána. Höfuðstólinn ber ávalt að ávaxta samkvæmt fyrir mælum um ávöxtun á ómyndugra fje, en síðar, þegar fje til aukningar honum verður handbært, annaðhvort við útdrátt skuldabryjefa eða þegar vextir bætast við höfuðstólinn, má leggja fje þetta inn í banka eða sparissjóð um stundarsakir, en annars skal kaupa fyrir það skuldabryjef, sem fullnægi skilyrðum um ávöxtun á ómyndugra fje. Á meðan á sjóðnum hvílir skylda til vaxtagreiðslu gagnvart þeim, sem hafa verið vaxtanna og búsettir eru í Danmörku, skal þó höfuðstól þeim, sem nauðsynlegt er til þessa, vera komið fyrir í dönskum skuldabryjefum, er fullnægi þess þeim, sem gjörðar eru í Danmörku um ávöxtun á ómyndugra fje.

Aldrei má kaupa hlutabryjef eða lána fje einstökum mönnum af sjóðnum sjóðsins.

Verðbryjef sjóðsins skulu ávalt hljóða á nafn hans, og skal Stjórnarráð Íslands rita á þau, að þau verði ekki afhent.

5. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal ávalt leggja einn fjórða hluta við höfuðstólinn, og ennfremur einn þriðja hluta af upphæð þeirri, sem inn kemur árlega við sölu á ritum sjóðsins í bókhlóðum.

Hina aðra þrjá fjórðu hluta vaxtanna og tvo þriðju hluta af ágóðanum við sölu ritanna, skal nota til útgáfu rita samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

6. gr.

Af árlegum vöxtum sjóðsins skal þó greiða fyrirfram þessar upphæðir: Þjónustustúlku sjóðsstofnanda, Guðlaugu Hjálmarsdóttur, 1000 krónur — eitt þúsund krónur — árlega meðan hún lifir, og:

Landshöfðingjafrú Elinborgu Thorberg, fæddri Pjetursson, 400 krónur — Fjögur hundruð krónur — árlega meðan hún lifir. Sjóðsstjórninni ber að greiða lífeyri þenna á þeim stöðum á Íslandi eða utan Íslands og á þeim tímum, sem lífeyrisnjótendur kunna að óska.

7. gr.

Stjórnin skal árlega gera reikningsskil fyrir sjóðnum, en stjórnarráð Íslands endurskoðar þau og birtir.

8. gr.

Sjóðnum ber að annast útgjöldin við að grafreit sjóðsstofnanda og áður látinnar konu hans á Frederiksberg Assistents Kirkegaard nr. 230, 1, Litr. B., sem er keyptur til 96 ára, verði haldið við á sómasamlegan hátt, og er sjóðsstjórninni falið að annast þetta.